

# GEDVERND

RIT UM GEDVERNDARMÁL

**1**

1. ÁRGANGUR - REYKJAVÍK 1966

ÚTGEFANDI: GEDVERNDARFÉLAG ÍSLANDS



# G E ð V E R N D

RIT UM G E ð V E R N D A R M Á L

*1. HEFTI*

G E ð V E R N D A R F É L A G Í S L A N D S – R E Y K J A V Í K 1966

## Að upphafi

Það hefur allengi vakað fyrir stjórn Geðverndarfélags Íslands að gefa út lítið tímarit um geðverndarmál, en úr því hefur þó ekki orðið fyrr en nú. Óþarft er að fara mörgum orðum um hlutverk þessa rits. Því er ætlað að veita fræðslu um geðverndarmál og stuðla að því, að betur verði séð fyrir geðveikramálum landsins en raun hefur orðið á til þessa. Stefnuskra félagssins og þá jafnframt ritsins er fólgin í félagslögnum, sem hér eru birt, og verður látið nægja að vísa til þeirra um einstök atriði.

Ekki er enn ákveðið, hve oft þetta rit kemur út, en vilji er til þess, að út verði gefin 2–3 hefti á ári af svipaðri stærð og þetta. Enginn fastur ritstjóri er heldur ráðinn enn sem komið er til að sjá um útgáfu ritsins, en undirritaður hefur tekið að sér að annast útgáfu þessa heftis. Ritið verður sent ókeypis öllum meðlimum Geðverndarfélagss Íslands, en auk þess verður það til sölu.

Reykjavík, í janúar 1966.

*Benedikt Tómasson.*

BENEDIKT TÓMASSON:

## Í minningu dr. Helga Tómassonar yfirlæknis

Þegar Geðverndarfélag Íslands hleypir af stokkum litlu tímariti um geðverndarmál, er núverandi forystumönnum þess bæði ljúft og skylt að minnast að upphafi dr. Helga heitins Tómassonar yfirlæknis. Hann stofnaði félagið, mótaði stefnuskrá þess og var formaður þess, þar til hann lézt löngu fyrir aldur fram.

Hér verður ekki rakinn æviferill dr. Helga. Hann var þjóðkunnur maður og er enn í fersku minni öllum þeim, sem við hann áttu skipti, hvort heldur sem lækni eða mann. Vegna stöðu hans sem yfirlæknir á eina geðsjúkrahúsi landsins, lærdóms hans og áhuga hlaut það að koma í hans hlut að marka stefnuna og vera sérfræðilegur ráðunautur hins opinbera um allt það, er laut að málefnum geðveikra. En auk þess haslaði hann sér miklu víðari völl með því að reyna að hafa áhrif á viðhorf þjóðarinnar í heild til þessara mála, og einn þáttur í þeirri viðleitni var starf hans í þágu geðverndarfélagins. Alveg vafalaust hefur dr. Helgi haft meiri áhrif á þróun geðveikramála í landinu en nokkur annar einn maður, að öllum ólöstuðum. Það er svo ekki hans sök, ef réttmætt er að tala hér um sök, þótt þeirri þróun sé ekki lengra komið en raun er á, því að hvorki skorti hann áhuga, áráði né kapp til að fylgja ótrauðlega fram þeim málum, sem hann batt tryggð við. En af einhverjum



*Helgi Tómasson, dr. med., yfirlæknir.*

*Fæddur 25. september 1896.*

*Dáinn 2. ágúst 1958.*

óskiljanlegum ástæðum hafa málefni geðsjúklinga átt minna gengi að fagna hér á landi en margir, ef til vill flestir aðrir þættir heilbrigðismála, að minnsta kosti í hlutfalli við mikilvægi þeirra, og sjást þess raunalega lítil merki, að í vendum sé veruleg hugarfarsbreyting í þeim efnunum.

Það vildi svo til, að ég vann tvö ár undir stjórn og handleiðslu dr. Helga og kynntist smám saman bæði honum sjálfum og starfi hans. Rauði þráðurinn í læknisviðhorfi dr. Helga var óskoruð virðing fyrir persónuleika sjúklinganna, einlæg umhyggja fyrir lífi þeirra, líðan og öllum farnaði, og minnsti bróðirinn í hópnun skipaði þar sama sess sem hinn stærsti. Skaut þar næsta skökku við hið rangsnúna og heimskulega, en algenga viðhorf, sem enn virðist eiga ótrúlega rík ítök, að líta niður á geðsjúkdóma, finnast þessi tegund mannlegra meina óvirðulegri eða meira feimismál en líkamlegir sjúkdómar og fara jafnvel lítilsvirðingarorðum um þá, sem verða að gista geðsjúkrahús. Gegn þessum ósóma barðist dr. Helgi ötulli baráttu. Hið drengilega læknisviðhorf hans gagnsýrði allt starf hans og mótaði andrúmsloftið í sjúkrahúsinu. Ég man, að mér þótti það í fyrstu næsta hörð kenning, að starfsmaður, hvort heldur læknir eða annar, mætti aldrei leika sjúkling hart, þótt hann ætti líf sitt að verja fyrir honum. Svo afdráttarlaus var hollustukrafa hans fyrir hönd sjúklinga sinna. Af þessu viðhorfi spratt tryggð dr. Helga við hið gamla boðorð læknisfræðinnar: Umfram allt að vinna ekki tjón. Hann hafnaði þeim lækningatilaunum, sem að hans mati brutu í bág við þetta boðorð, og ekki ætíð ámælislaust. En hann kvaðst fyrir engan mun vilja beita við sjúklinga sína neinni þeirri lækni meðferð, sem hann gæti ekki hugsað sér að beita einnig við nánustu vandamenn sína, ef eins stæði á fyrir þeim.

Dr. Helgi var farsæll stjórnandi og afbragðs húsbóndi. Hann var að vísu ráðríkur í eðli sínu, en fór þannig með ráðríki sitt, að úr því varð mild og föst handleiðsla, en

hvorki ofstjórn né harðstjórn. Hann var frábitinn smámunalegri afskiptasemi og kunni vel þá list góðs yfirmanns að treysta samverkamönnum sínum og láta þá finna það. Fyrir það uppskar hann líka hollustu þeirra og fúsan samstarfsvilja. Þeim manni mátti vera undarlega farið, sem vildi bregðast trausti dr. Helga og vinna til hálfis eða vanrækja þau verk, sem hann fól honum.

Dr. Helgi var svípmikill persónuleiki, gæddur sérstæðum persónutöfrum. Frá honum geislaði hressilegum, karlmannlegum krafti, sem sveif á mann og svipti burt mollu og drunga. Hann var óvenjulegur atorku- og kappsmaður, sívinnandi og kunni aldrei að hlífa sér, fullur lifandi áhuga, sem náði langt út fyrir sérgrein hans. Hann var skapríkur og ör í lund, hreinskiptinn, svo að enginn fór í grafgötur um þykkju hans eða þokka, eindreginn í skoðunum og kenningum og lét hvergi hlut sinn, gerði og sagði það eitt, sem sannfæringin bauð honum, og spurði þá hvorki um vinsældir né vanþóknun, við hvern sem var að skipta. En hann var líka glaðlyndur og gamansamur og gæddur ríkullegri náttúrlegri hlýju, sem yljaði út frá sér og dró mann að honum. Hann var maður stór í sniðum, *heill í sýnd* og raun.

Um leið og ég tjái dr. Helga látnum þakkir af hálfu þessa rits fyrir ómetanleg störf hans í þágu geðveikra og geðverndarmála landsins, færi ég honum persónulega þökk mína fyrirandleiðslu og samstarf, sem aldrei brá skugga á.

Dr. HELGI TÓMASSON:

## GEÐVERND

Erindi þetta flutti dr. Helgi Tómasson á framhaldsstofnufundi Geðverndarfélag Íslands 17. janúar 1950. Segir hann þar frá aðdraganda að stofnun félagsins, tilgangi þess og starfsviði.

Á fundi Læknafélags Reykjavíkur 12. nóvember s.l. í tilfni af afmæli félagsins leyfði ég mér að brjóta upp á nokkrum framtíðarverkefnum í heilbrigðismálum, sem mér virtist æskilegt, að Læknafélag Reykjavíkur ætti frumkvæði að, fyrst og fremst að því er snertir félagslega og andlega hlið heilbrigðismálanna yfirleitt.

Ég taldi, að eitt af þeim þörfustu verkefnum, sem Læknafélag Reykjavíkur gæti nú þegar beitt sér fyrir, væri stofnun almenns félagsskapar til geðverndar og hugræktar, sem ætti að hafa það meginmarkmið að leiðbeina fólki um, hvernig það mætti helzt verða aðnjótandi sem fullkomnastrar andlegrar heilbrigði, auk líkamlegrar og félagslegrar.

Féll þetta í svo góðan jarðveg, að samþykkt var, að á næsta fundi skyldi kosin fimm manna nefnd til þess að undirbúa stofnun slíks félagsskapar. Kosnir voru í nefndina Kristbjörn Tryggvason, formaður Læknafélags Reykjavíkur, Karl Sig. Jónasson, Páll Sigurðsson, Alfreð Gíslason og Helgi Tómasson. Samdi nefndin frumvarp að lögum fyrir Geðverndarfélag Íslands, bar það undir félagsfund í Læknafélagi Reykjavíkur í miðjum desember, og var nefndinni síðan falið að vinna áframhaldandi að stofnun félagsins.

Vegna hinnar auknu félagslegu þýðingar, sem heilbrigði og sjúkdómar hafa nú á dögum, er læknum ljóst, að þeir

hafa þörf fyrir aukinn skilning og stuðning almennings til þess að ná sem beztum árangri af starfsemi sinni. Þess vegna teljum við, að slíkur félagsskapur, sem hér um ræðir, eigi að vera félagsskapur almennings undir forystu lækna og valinkunnra fulltrúa þeirra starfsgreina, sem nánast snerta það svið, sem um er að ræða. „Mental hygiene“, andleg heilsuvernd, eða geðvernd eins og við nú viljum kalla það, er þegar orðið gamalt „slagorð“. Lengi vel var aðallega um að ræða orðatildur velviljaðra leikmanna, sem mikið til virtist til orðið við skrifborð vel færra rithöfunda eða í munni flugmælskra ræðumanna. Voru margir því lengi framan af hikandi gagnvart spursmálinu, en fyrir framfarir þær, sem orðið hafa á síðustu 30 árum í geðveikifræði, sál-sýkisfræði, sálarfræði, félagsfræði, barnasjúkdómafræði og ellisjúkdómafræði, svo og uppeldisfræði og sakfræði og öðrum skyldum greinum, þá hefur þekking vor á þroskaskilyrðum og þroskamöguleikum einstaklinganna og félagsheildarinnar orðið það mikil, að réttmætt virðist að reyna að gera hana almennungi aðgengilega í þeirri von, að til nokkurs gagns megi verða fyrir alla.

Auðvitað getur menn greint á á þessum sviðum heilbrigðisfræði eins og öðrum sviðum hennar, en um vissa hluti geta flestir sameinast, vissa hluti, sem allflestum finnast æskilegir, þó þá greini á um leiðir og þær séu oft torsottar. Það t. d. hefur ekki verið átakalaust að berjast við sóðaskapinn, bæði utanhúss og innan, og mikið vantar enn á, að á honum hafi verið sigrazt eða menn komið sér saman um, hvernig það verði bezt gert. Samt sem áður dettur engum í hug annað en að halda baráttunni sleitulaust áfram og fórna til þess stórfé.

En um andlegan sóðaskap hafa menn varla þorað að ræða ennþá, hvað þá heldur að láta sér detta í hug þann möguleika að hefja baráttu gegn honum. Það á því langt í land, að „mental hygiene“ eða geðvernd taki sér slíkt viðfangs efni.

Aftur á móti hefur mönnum smám saman verið að lærast, hvað má bjóða fólki á ýmsum aldri, hvernig má bezt hagnýta andans krafta hvers um sig. Mönnum hefur smám saman verið að lærast, að hugarástand manns mótast viðhorf hans til alls lífsins, ræður úrslitum um, hvort maðurinn sé hamingjusamur eða óhamingjusamur. Í baráttunni gegn geðsjúkdómum, stórum og smáum, er mönnum orðið æ ljósara, að aukinn skilningur almennings, aðstandenda og sjúklingsins sjálfs á eðli sjúkleikans er meginatriði til þess að fá bata og einnig oft til að fyrirbyggja að verða veikur.

Mér finnst það sóma sér vel fyrir Læknafélag Reykjavíkur, sem oft hefur haft frumkvæði um ýmis nýmæli hér á landi, að hafa tekið forystuna í þessu máli. Læknar skilja það betur en flestir aðrir, að vor einkaábyrgð er að læra að verja viti voru og kröftum.

Heilbrigði er nú á dögum skýrgreind sem andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan. Langsamlega meginhluti læknisstarfseminnar hefur miðast við að styðja og efla svonefnda líkamlega vellíðan manna. Upp á síðkastið hefur og félagslegu hliðinni verið æ meiri gaumur gefinn. En til hvers væri að veita mönnum líkamlega og félagslega vellíðan, ef þeir ekki gætu notfært sér hana vegna andlegra ágalla.

Geðheilbrigði skiptir því meginmáli fyrir alla menn.

Sætir það furðu, hversu ennþá er langt frá því, að mönnum sé þetta almennt ljóst, þó þegar sé á það bent í hinum elztu ritum mannkynsins.

Eitt af því, sem menn eiga að ganga að sem vísustu, er, að heilsa þeirra bilar einhverntíma á ævinni um lengri eða skemmri tíma og meira eða minna alvarlega. Þetta gildir alveg jafnt um geðheilsu manna, sem svonefnda líkamsheilsu og félagsheilsu.

Lífið sjálft mæðir þannig á öllum mönnum, að þeir fá stærra eða minni kaun og kvilla, ekki aðeins á líkamanum heldur líka á „sálinni“, ef svo mætti segja, eða geðinu.

Líkamsrækt hefur kennt mönnum ýmislegt til þess að vernda og verja líkamann gegn áföllum.

Geðræktin vill á sama hátt reyna að styrkja menn í að vernda og verja geð sitt.

Skipulögð íþróttaiðkun eða líkamsrækt er nú á dögum aðallega fyrirbrigði frá þessari öld, þó hún hafi verið til í fornöld.

Skipulögð geðrækt hefur tæplega verið hafin enn, að undanteknum vissum þáttum í starfi prestanna, þó hún hafi einnig verið til á hinum elztu tímum. Áður en til þess getur komið nú, þurfa þeir, sem áhuga hafa og forsendur til þess, fyrst og fremst að vekja almenning til skilnings á þýðingu geðheilbrigði og geðræktar, svipað og brautryðjendur líkamsræktarinnar hafa gert.

Vísindaleg þekking í lífeðlisfræði og almennri sjúkdómafræði, sem unnizt hefur á síðustu 100–150 árum, er meginundirstaða líkamsræktar nú á dögum, og vísindaleg þekking, sem fengizt hefur í almennri sjúkdómafræði einnig á seinustu 100–150 árum og þó einkum á seinustu 50 árunum, er sennilega meginþáttur þess, hverju líkamsræktin hefur áorkað.

Vísindalegri þekkingu í sálarfræði, sem eiginlega hefst með Kants „Kritik der reinen Vernunft“ 1783, miðar seint, þar til fyrir 70–80 árum og þó einkum seinustu 40–50 árin. Hún hefur verið ein undirstaða þeirrar geðræktar, sem rekin hefur verið undir yfirskriftinni „almenn fræðslumál“, en sem þó engan veginn alltaf hefur fyrst og fremst byggt á þekkingu manna á sálarfræði á hverjum tíma. Vísindaleg þekking í almennri sálsýkisfræði og geðveikisfræði er svo að segja öll frá seinustu 80–100 árunum, og hefur miðað langmest seinustu 30–40 árin. Hún er meginuppsetta svo að segja allrar nýrrar vitneskju manna, sem fengizt hefur í sálarfræði, og er því frumskilyrði fyrir geðrækt og skynsamlegri geðvernd. Vísindaleg þekking breytist með hverjum tíma. Það er því nauðsynlegt, að hvatt sé til hvers

kyns rannsókna á geðheilbrigðismálum og þær studdar með ráðum og dád þeirra, sem skilning hafa á þýðingu þeirra, og að niðurstöðum þeirra sé á öfgalausán hátt komið á framfæri við þá, sem þær skipta, sem sé almenning, ráðamenn þjóðarinnar og almenna borgara.

Þekking vor er aldrei endanleg, hvorki á þessum sviðum né öðrum, en vér trúum því, að henni miði yfirleitt í áttina til hins réttara og betra. Ríkjandi skoðanir eru því alltaf að breytast, og þarf almenningur allur að skilja það.

Líkur eru fyrir því, að svo sé ástatt um 12–15 menn af hverju þúsundi landsmanna á hverjum tíma, að þeir, sakir vantandi geðheilsu, séu ósjálfbjarga, vanþroska, vanheilir, geðveikir og andlega hrörnandi fyrir elli sakir.

En miklu fleiri eru við meiri og minni vanlíðan af þessum sökum á hverjum tíma. En þó aðeins séu taldir þeir, sem með öllu eru ósjálfbjarga, þá nægir það til þess að sýna, hvílíkt þjóðfélagsból hér er um að ræða og hvílíkur baggi hér er á þjóðinni. Eðli málsins samkvæmt gefa þessir menn sjálfir ekki hljóð frá sér, til þess að þeim sé veitt athygli, nauðsynlegur beini eða sýnd sú mannúð, sem vér nú á dögum teljum sjálfsagða. Aðstandendur þeirra veigra sér einnig oft við því. Við *hinir* verðum því að taka málstað þeirra. Öll aðbúð þeirra og aðstaða hefur verið erfið og ábótavant í ýmsu. Til afsökunar höfum við *hinir* haft það, að þjóðin hefur haft í svo mörg horn að líta, þegar seinustu ein til tvær kynslóðirnar hafa orðið að gera svo að segja allt, sem gert hefur verið af verklegum framkvæmdum í landinu. Mál þeirra, sem ekki hafa sjálfir getað borið sig upp, hafa því orðið útundan og menn margir kveinkað sér við að horfast í augu við þann kostnað, sem það hefur í för með sér að taka þessi mál mannsæmandi tökum. Það kostar t. d. sem stendur um 11100 kr. á ári að vista sjúkling á Kleppi, og þó spítalinn sé ein ódýrasta heilbrigðisstofnun á landinu, þá má sjá, að hér er um stór útgjöld að ræða fyrir þjóðarheildina, þar sem um 300 sjúklingar eru á spítalan-



um og um 140 munu vera utan hans, en sem þó mundi vera talið, að þyrftu að vera á honum. Þær milljóna upp-hæðir, sem árlega er varið til þessa, ættu að réttlæta, að miklu væri árlega varið til rannsókna á þessum málum hér. Hingað til hefur það alls ekkert verið. Ég hef fyrir löngu minnt á það, að hyggilegt væri að skylda hverja heilbrigðis-stofnun til þess að verja a. m. k. 5–10% af rekstrarkostnaði sínum til þess að rannsaka þá kvilla, sem hún hefur með að gera. Vanvitastofnanir vantar svo að segja alveg hér, en þær verða einnig dýrar í rekstri. Flogaveikisstofnun er alls engin til. — Nægjanleg elliheimili vantar einnig, en kosta líka peninga.

Hér er því margt, sem benda má á, að þurfi að gera og líka margt annað aðkallandi. Eitt verkefni svona félagsskapar sem Geðverndarfélagsins er að hafa vakandi auga með því, að unnið sé að lausn þessara vandamála, eins og efni og ástæður frekast leyfa á hverjum tíma.

Vegna þess hvert alvörumál geðheilbrigði er fyrir hvern einstakling og þjóðfélagið sem heild, er nauðsynlegt, að fylgzt sé sem ýtarlegast með þróun þeirra mála og framförum á sviði þeirra með öðrum þjóðum. Um þessi mál er því þátttaka í alþjóðlegri samvinnu bráðnauðsynleg.

Ýmsar leiðir eru farnar í svipuðum félögum sem þessum til þess að ná tilgangi sínum, og höfum við sett þær helztu fram í frumvarpi því, sem við höfum samið og lagt verður fram hér á eftir.

Auðvitað er, að talsverður tími mundi líða hér, þangað til félagið gæti látið nokkuð til sín taka. — Þyrfti það fyrst að safna meðlimum og hefja áróður fyrir tilgangi félagsins. En ef ekki er of geyst af stað farið, ætti svona félagsskapur að mínum dómi að eiga nokkurt erindi hingað.

Eftir að hafa athugað málið innan Læknafélags Reykjavíkur, leyfðum við okkur að bjóða nokkrum konum og körlum á fund 18. desember til þess að ræða um, hvort þau mundu vilja stofna með okkur Geðverndarfélag Íslands.

Við völdum þá aðferð fyrst að leita til nokkurra valinkunnra leiðtoga meðal þjóðarinnar til þess að heyra undirtektir þeirra. Við vitum, að um marga ágæta menn og konur hefði getað verið að ræða, en töldum réttast að hafa hópinn ekki of stóran fyrst. Við vonum því, að það valdi engum misskilningi, þó við höfum haft þessa aðferð.

Á þessum viðræðufundi var samþykkt að stofna félagið og nefnd kosin til þess að yfirfara lagafrumvarpið og boða til framhaldsstofnfundar. Í nefndina völdust þeir Arnfinnur Jónsson skólastjóri, séra Jakob Jónsson, dr. Matthías Jónasson, dr. Þórður Eyjólfsson, forseti hæstaréttar, og undirritaður. Ræddum við lagafrumvarpið og gerðum á því smávægilegar breytingar, héldum síðan fund með fréttamönnum, sem svo hafa sagt frá félagsstofnuninni í blöðum og útvarpi, og loks höfum við boðað til þessa fundar, sem vera skyldi framhaldsstofnfundur, samþykkja lögin og kjósa fyrsta fulltrúaráðið.

TÓMAS HELGASON:

## Geðverndarfélagið og sjúkrahúsmálin

Geðverndarfélag Íslands var stofnað á 40 ára afmæli Læknafélags Reykjavíkur haustið 1949. Eins og felst í nafni félagsins er aðalmarkmið þess að vinna að bættri geðheilbrigði almennt. Til þess að bæta geðheilbrigði almennt er nauðsynlegt að glæða skilning almennings og stjórnarvalda á þýðingu geðheilbrigði fyrir alla þjóðfélagsþegnana og fræða fólk sem mest um eðli geðsjúkdómanna og þýðingu sálarlífsins fyrir heilbrigði fólksins. Með brýnustu verkefnum geðverndarfélaga er að vinna að bættri meðferð og aðbúð hinna geðsjúku og stuðla eftir beztu getu að auknum rannsóknum á geðsjúkdómum.

Geðverndarfélag eru nú til í flestum löndum heims og hafa myndað með sér alþjóðasamtök, sem hafa aðalskrifstofu í Genf í Sviss. Fyrsta geðverndarfélagið, sem stofnað var, var stofnað í fylkinu Connecticut í Bandaríkjunum árið 1908 af Clifford Beers, sem hafði verið sjúklingur á geðsjúkrahúsum þar í 3 ár. Beers ritaði bók um dvöl sína á sjúkrahúsunum. Þessi bók kom út árið 1908, 2 mánuðupm áður en félagið var stofnað. Bók þessi vakti geysilega athygli og hefur síðan verið gefin út í fjöldamörgum útgáfum. Í henni lýsir Beers aðbúnaðinum, meðferðinni og lífinu á geðsjúkrahúsinu, eins og sjúklingurinn sér það, eftir að hann er orðinn heilbrigður aftur.

Árið 1909 var stofnað samband geðverndarfélaga í Bandaríkjunum að forgöngu Beers. Tilgangurinn var sá sami og enn er tilgangur félags okkar, þ. e. að vinna að bættri geðheilbrigði, fyrirbyggingu geðsjúkdóma og afbrigða, að vinna að bættri meðferð og aðbúnaði geðsjúklinga og tryggja útbreiðslu á öruggri fræðslu um geðsjúkdóma. Það, sem eftir var ævi, vann Beers eingöngu fyrir geðverndarfélag Bandaríkjanna að því að glæða áhuga manna á geðvernd, auka skilning þeirra á nauðsyn þess að sjá geðsjúklingum fyrir eins góðum aðbúnaði og meðferð og hægt væri. Beers var sjálfur ekki auðmaður, sem hafði ráð á að helga líf sitt hugsjónum án þess að hafa nokkuð í aðra hönd. Nokkrum árum eftir útkomu bókarinnar kallaði amerískur auðmaður á Beers og afhenti honum nokkra fjárupphæð til hans persónulegu þarfa til þess að forða honum frá áhyggjum, eins og hann orðaði það. Sami auðmaður afhenti þá geðverndarfélagi Bandaríkjanna stórfjárhæð til starfsemi félagsamtakanna.

Geðverndarfélag í hinum ýmsu löndum heims hafa unnið ómetanlegt gagn, en eiga enn eftir óunnið mikið starf, ekki sízt hér á landi, þar sem málefni hinna geðsjúku eiga enn mun minni skilningi að fagna heldur en málefni ýmissa annarra sjúklinga. Okkar geðverndarfélag þarf að vinna af alefli að útbreiðslu aukins skilnings á eðli geðsjúkdómanna, þetta séu sjúkdómar, sem hvern mann geti hent og engin ástæða sé til að skammast sín fyrir frekar en aðra sjúkdóma. Þau þurfa einnig að vinna að útbreiðslu á þekkingu á, að þetta séu sjúkdómar, sem batni, ekki alltaf til fullnustu, en jafnan að meira eða minna leyti, ef sjúklingarnir verða aðnjótandi réttar meðferðar á réttum tíma. Þess vegna þarf félagið að reka mikinn áróður fyrir því, að sjúkrahúsrymi fyrir hina geðsjúku verði aukið til stórra muna frá því, sem nú er, og hvetja vel hæft fólk til þess að sérmennta sig til þess að geta læknað og líknað hinum geðsjúku. Ennfremur þarf félagið að auka skilning fólks á

vandamálum þeirra, sem hafa verið veikir, til þess að auðvelda þeim aftur leiðina til daglega lífsins.

Svo sem kunnugt er, var elzti hluti geðsjúkrahúss ríkisins að Kleppi tekinn í notkun árið 1907. Það er timburhús, sem ætlað var fyrir 40 sjúklinga, en varð strax of lítið og hefur alltaf verið yfirfullt. Nýi spítalinn á Kleppi var tekinn í notkun á árinu 1928 og var í byrjun ætlaður fyrir 80 sjúklinga. Síðan hafa verið framkvæmdar ýmsar breytingar og endurbætur við spítalann þannig, að í skýrslum er spítalinn nú talinn eiga að rúma 240 sjúklinga. Í honum eru þó að jafnaði 270–280 sjúklingar. Er þetta sem næst helmingi fleiri sjúklingar en áttu að vera, ef ætlaður væri sá fermetrafjöldi á sjúkradeild fyrir hvern sjúkling, sem nú þykir hæfilegur. Má geta nærri, hverjum óþægindum þetta veldur í meðferð og aðbúnaði sjúklinganna. Hins vegar hefur neyðin rekið stjórn spítalans til að taka við fleiri sjúklingum en raunverulega er rúm fyrir. Ekki hafa spítalanum bætt rúm síðan á árinu 1951 nema fyrir drykkjusjúklinga, en fyrir þá er sérstaklega ætlað pláss á deild þeirri, sem spítalinn rekur á Flókagötu, og að heimilinu að Akurhóli í Rangárvallasýslu.

Ef vel ætti að vera, þyrftu að vera a. m. k. 3 rúm í geðsjúkrahúsum á hverja 1000 íbúa landsins, auk ýmissar annarrar þjónustu, sem þarf að veita geðsjúklingum. Augljóst er, að mikið vantar á, að svo sé, og er óhætt að segja, að nú þegar vanti a. m. k. 350 sjúkrarúm til að fullnægja brýnustu þörfum geðsjúklinganna. Það tekur auðvitað nokkurn tíma að vinna að undirbúningi og byggingu 350 rúma sjúkrahúss, sem yrði að vera í nálægð almennu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þess vegna verður að grípa til einhverra ráðstafana, sem fyrr koma að gagni. Meðal þeirra ráðstafana, sem áætlað er að framkvæma á vegum ríkisins, er að byggja geðsjúkdómadeild á Landspítalalóðinni, deild, sem tæki 90–100 sjúklinga. Ekki verður þó hægt að ráðast í byggingu þessarar deildar, fyrir en lokið er eða a. m. k. langt

komið þeim framkvæmdum, sem þegar eru í gangi á Landspítalanum, sérstaklega ekki fyrr en búíð er að stækka eldhús spítalans. Þetta þýðir, að einnig verður veruleg bið á, að þessi deild verði tilbúin, ef ekki verður miklum mun meiri hraði á byggingarframkvæmdum Landspítalans en verið hefur hingað til. Af öðrum ráðstöfunum, sem ríkið hyggst gera til úrbóta, má nefna, að á síðasta Alþingi var veitt heimild til að nota 4 millj. króna vegna aukningar á sjúkrahúsrými fyrir geðsjúka. Fé þetta er áætlað að nota til kaupa á húsi, sem notað yrði sem heimili fyrir vinnufæra sjúklinga, sem nú eru á Kleppsspítalanum, en ekki þyrftu nauðsynlega að vera þar, ef þeir hefðu athvarf annars staðar. Á slíku heimili gætu og verið aðrir sjúklingar, sem þurfa að vera í skjóli þar, sem séð er um, að þeir fái mat, reglulegan hvíldartíma, lyf og nauðsynlegt læknisefnitil. Að fenginni reynslu gæti komið til álita, að spítalinn, ríkið eða félagssamtök kæmu á stofn fleiri slíkum heimilum. Slík heimili munu ýmist verða til langdvalar eða stöð á leið sjúklinganna út í lífið aftur. Í sambandi við sum þessara heimila mætti e. t. v. hafa vinnustofur eða verkstæði, þar sem vistfólkið gæti unnið þann tíma á degi hverjum, sem það treysti sér til og væri talið fært um að gera. Á slíkum vinnustofum væri hægt að taka tillit til viðkvæmni fyrrverandi sjúklinga og til þess, að e. t. v. væri um öryrkja að ræða.

Auk þessara húsaþaua, sem á hefur verið minnzt, koma til greina ýmsar aðrar ráðstafanir til að leysa úr plássvandæðunum í sjúkrahúsinu, svo sem eftirmeðferð sjúklinganna, eftir að þeir fara af spítalanum. Þessi starfsemi hefur vaxið mjög á síðustu árum og heldur áfram að vaxa. Eftirmeðferðinni er það enn nokkur fjötur um fót, að við höfum ekki allt það starfsfólk, sem til meðferðarinnar þarf. Vonir standa til, að úr rætist með starfsfólk að einhverju leyti á næstunni. Það veldur og erfiðleikum við eftirmeðferðina, að hvergi er eiginlegur samastaður fyrir þá, sem

að eftirmeðferðinni vinna, svo að hún fer að mestu leyti fram á göngum Kleppsspítalans og í vinnuherbergjum lækna-anna þar.

Þá má og geta þess, að byrjað hefur verið á að taka dag-sjúklinga á spítalann, þó í smáu sé. Þessir sjúklingar koma í spítalann að morgni og dvelja þar daglangt og fá nauðsynlega meðferð, en fara síðan heim á hverju kvöldi. Einnig þessi starfsemi er mjög takmörkuð vegna húsnæðisskorts og vegna þess að spítalinn hefur ekki sérstaka bifreið til að flytja sjúklingana fram og aftur.

Heilbrigðisstjórnin og fjárveitingavaldið hafa á síðustu árum sýnt vaxandi skilning á okkar málefnum, kannske m. a. fyrir tilstuðlan Geðverndarfélagsins. Læknum og ýmsu öðru starfsfólki við Kleppsspítalann hefur verið fjölgað til muna, og veittar hafa verið 2 milljónir króna á síðustu 2 árum til að kaupa góð rúm og nauðsynleg húsgögn í spítalann. Ýmsar aðrar endurbætur, sem miða að því að gera spítalann vistlegri og nýttzkulegri, er og smám saman verið að gera. En betur má, ef duga skal.

Margt fleira þarf að gera sjúklingunum til hjálpar og til þess að fyrirbyggja, að sjúkdómarnir komist á það hátt stig, að sjúklingarnir þurfi að leggjast á sjúkrahús eða dvelja þar langdvölum. Nauðsynleg skilyrði þess eru þó, að til sé nægjanlegur hópur sérmenntaðs starfsfólks, lækna, sálfræðinga, félagsráðunauta, sjúkrakennara, hjúkrunarkvenna og aðstoðarfólks þeirra. Auk þeirra meginverkefna Geðverndarfélagsins, sem minnzt var á í upphafi, getur það stuðlað að menntun ungs fólks til þess að sinna þessum störfum og þannig valdið straumhvörfum í meðferð hinna sjúku.

KRISTINN BJÖRNSSON:

## Geðverndarfélagið og störf þess

Geðverndarfélag Íslands byrjar nú á nýju viðfangsefni, útgáfu tímarits. Stjórn félagsins samþykkti á fundi sínum 19. marz s.l. að hefja útgáfu tímarits, er nefndist „Geðvernd“, og komi það út a. m. k. tvisvar á ári. Ritinu er ætlað að flytja fræðilegt og alþýðlegt efni, svo og fréttir, um andlega heilsuvernd og hugrækt, hvort heldur er af vettvangi læknisfræði, sálfræði eða félagsmála.

Með þessari útgáfu vill félagið leitast við að framkvæma að nokkru liði a og c) í 1. gr. og lið a) í 2. gr. félagslaga. Þá er félaginu mikil nauðsyn að hafa eigið málagn til að kynna málefni sín, ná til félagsmanna og efla samstöðu þeirra.

Við væntum þess, að ritinu verði vel tekið og það bæti úr nokkurri þörf. Hér á landi er ekki um neitt sérhæft tímarit á þessu sviði að ræða. Það fer að sjálfsgöðu eftir fjárhag og efni því, sem hægt er að fá í ritið, hversu stórt það getur orðið og vel úr garði gert. Má nefna, að flest eða öll geðverndarfélög annarra landa gefa út tímarit af svipuðu tagi og hér er fyrirhugað, en í flestum löndum eru slík félög starfandi, og þau hafa með sér alþjóðasamband, sem íslenska félagið er aðili að.

Í þessu fyrsta hefti „Geðverndar“ er viðeigandi að skýra nokkuð frá félaginu og verkefnum þess.

Geðverndarfélag Íslands var stofnað árið 1949. Dr. Helgi Tómasson yfirlæknir hafði forystuna um stofnun þess og var formaður þess, meðan hann lifði. Félagið vann þessi

fyrstu ár gott starf að fræðslu og upplýsingu og beitti sér fyrir því, að málefnum geðsjúklinga væri sómi sýndur. Eftir að formaður félagsins lézt, lagðist starfsemi félagsins niður um nokkurra ára skeið.

Ég skal ekki ræða hér um tildrögin að stofnun félagsins né tilgang þess almennt. Þessi atriði eru mjög vel rakin og skýrð í erindi því, er fyrsti formaður félagsins, dr. Helgi Tómasson, flutti á stofnfundi og birtist hér. Er óþarft við það að bæta.

Lög félagsins, sem hér eru birt, segja greinilega til um markmið þess og í höfuðdráttum, hvernig að því skuli vinna. Ég mun því aðeins ræða starf félagsins nú og aðkallandi verkefni, eins og þau koma mér fyrir sjónir. Er ég um nokkurra ára skeið vann að athugun á vinnuönguleikum öryrkja og leiðbeiningum fyrir þá, varð ég þess fljótt var, að einn hópur sjúklinga, og það sá fjölmennasti, var sérlega afskiptur um allt, er varðaði endurþjálfun, félagslega aðstoð, jafnvel nauðsynlega sjúkrahjálp, og skilyrði til sjúkrahúsvistar. Þetta voru þeir, sem liðið höfðu af geðrænum eða sálrænum kvillum. Hinir ýmsu hópar öryrkja, svo sem lamaðir, blindir o. fl., höfðu myndað með sér samtök til að vinna að því að koma áhugamálum sínum í framkvæmd, og þessi félög stofnuðu síðan bandalag, Öryrkjabandalag Íslands. En enginn sérstakur aðili talaði máli geðsjúklinga eða hóf framkvæmdir í þeirra þágu. Því varð það sérstakt áhugaefni að endurvekja Geðverndarfélag Íslands, og það var gert af nokkrum áhugamönnum í árslok 1962.

Síðan félagið var endurvakið, hefur það leitast við að vekja athygli á þeirri miklu þörf, sem er á úrbótum í sjúkrahúsmálum geðsjúklinga. Þetta var gert með viðtölum við blaðamenn, erindum í ýmsum félögum og einkum þó viðræðum við stjórnarvöld. Forráðamenn félagsins hafa rætt við ráðherra og farið þess á leit, að meira fé væri veitt til byggingar sjúkrahúsa fyrir geðsjúklinga, tekna til þessa yrði jafnvel aflað með sérstakri skattlagningu á einhverjum

óþörfum varningi (á svipaðan hátt t. d. og fjár er aflað til byggingar fávindahæla með sérstökum skatti af gosdrykkjum). Ekki hefur þó tekizt að fá slíku framgengt.

Nokkrar framkvæmdir eru þó á döfinni í geðveikramálum af hálfu hins opinbera. Það er t. d. vert að nefna, að á fjárlögum þessa árs voru veittar fjórar milljónir til að kaupa húsnæði fyrir geðsjúklinga, og mun ætlunin að kaupa hús og reka þar gistiheimili fyrir sjúklinga, sem vantar samastað. Það verður rekið á vegum ríkisspítalanna. Þá er það ánægjuleg staðreynd, að stjórn Borgarsjúkrahússins hefur ákveðið, að þar verði sérstök geðdeild, og bætir hún úr mikilli þörf.

Geðverndarfélagið gerðist aðili að Öryrkjabandalagi Íslands. Nú ráðgerir bandalagið byggingu dvalarheimilis fyrir öryrkja. Mun geðverndarfélagið leitast við að vera aðili að þeirri framkvæmd, svo að tryggt verði, að öryrkjar af völdum geðsjúkdóma og taugaveiklunar geti fengið nokkurn hluta þessarar byggingar til afnota.

Félagið hefur hugað nokkuð að fræðslustarfsemi. Það hefur útvegað þrjár kvikmyndir um geðvernd, sem keyptar voru í samvinnu við Fræðslumyndasafn ríkisins, en þar eru þessar myndir varðveittar og hægt að fá þær lánaðar til sýningar fyrir áhugamenn. Þá voru flutt nokkur útvarpserindi að tilhlutan félagsins s.l. vor um geðvernd og geðlækningar, alls 6 erindi. Nýjasta framkvæmdin er svo tímarit, sem sjá má.

Framtíðarverkefni félagsins hafa nokkuð verið rædd innan stjórnarinnar og margar uppástungur komið fram. Meðal þess, sem nefnt hefur verið, er frekari fræðslustarfsemi með erindaflutningi eða námskeiðum, veiting námsstyrkja til þeirra, er vinna vilja að geðveikramálum, rekstur leiðbeiningarstöðvar um geðræn og félagsleg vandamál, bygging og rekstur hressingarhælis fyrir sjúklinga í afturbata, rannsóknarstarfsemi og margt fleira.

Öll þessi verkefni eru raunhæf og vert að sinna, en þó

er tilgangslaust að reyna að gera of margt í einu. Það er fyrst og fremst háð því, hvern stuðning félagið fær frá almenningi og hversu fúsir til starfa og liðtækir félagsmenn eru, hvað auðið reynist að gera. Félag verður aðeins það, sem þátttakendur í starfi þess gera það. Mér virðist skynsamlegt, þegar þessi útgáfustarfsemi er komin á reksþöl, að unnið yrði að því að safna fé til kaupa á húsnæði, þar sem félagið gæti átt samastað, haft skrifstofu sína og rekið gistiheimili fyrir sjúklinga í afturbata, þótt lítið væri í fyrstu. Fleiri smærri verkefnum mætti svo sinna jafnhliða, eftir því sem aðstæður leyfa.

Geðveikramálin eru einn stærsti þáttur heilbrigðismálanna. Árlega munu um 1000 manns hér á landi leggjast inn á sjúkrahús vegna geðsjúkdóma eða taugaveiklunar, rúmlega helmingur þeirra í fyrsta skipti. Meiri hluti þessara sjúklinga nær fullum bata og nær því allir einhverjum eða a. m. k. tímabundnum bata, ef vöð er viðeigandi meðferðar. Er því mikilvægt, að ávallt sé góð aðstaða, nægilegt sjúkrarými og vel menntað starfslíð til að liðsinna þeim, sem hjálpar þarfnast.

Forráðamenn geðverndarfélagins æskja þess, að félagið geti orðið vettgangur til starfa fyrir þá, sem vinna vilja þessum málum lið, og að það geti nokkru komið til leiðar málefnum geðsjúklinga til heilla.

## Lög Geðverndarfélags Íslands

(Samþykkt á aðalfundi 1964).

### 1. gr.

Félagið heitir Geðverndarfélag Íslands. Aðsetur þess er í Reykjavík. Félagið getur auk þess starfað í staðbundnum deildum. Verða þá settar reglur fyrir þær af aðalfundi félagsins jafnóðum og þær eru stofnaðar.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er:

- a) Að vekja almenning og stjórnarvöld til aukins skilnings á mikilvægi geðheilbrigði fyrir alla menn, unga sem gamla.
- b) Sameina alla þá, sem áhuga hafa á málefnum, er geðheilbrigði varða, svo sem lækna, sálfræðinga, presta, kennara, hjúkrunarfólk, svo og alla aðra einstaklinga, félagsheildir og stofnanir, sem til greina geta komið.
- c) Fræða almenning um eðli geðsjúkdóma, mikilvægi sálarlífsins fyrir almenna heilbrigði og kynna ríkjandi skoðanir á því, hvernig varðveita megi geðheilbrigði.
- d) Stuðla að því, að jafnan verði komið upp nægum og viðunandi heilbrigðisstofnunum fyrir þá, sem líða af geðsjúkdómum (psychosis) eða hugsýki (neurosis).
- e) Stuðla að auknum rannsóknum, sem verða megi til aukinnar geðheilbrigði.
- f) Taka þátt í alþjóðlegri samvinnu um geðheilbrigðismál og hugrækt.
- g) Vinna málefnum geðsjúkra og verndun geðheilbrigði lið á hvern þann hátt annan, er við verður komið.

## 3. gr.

Tilgangi sínum vill félagið ná:

- a) Með ritum og fræðsluerindum, eftir því sem efni og ástæður leyfa.
- b) Með samvinnu við stjórnarvöld landsins, bæja- og sveitayfirvöld, heilbrigðismálastjórn, fræðslumálastjórn, Tryggingastofnun ríkisins og aðra opinbera aðila, er til greina koma.
- c) Með samvinnu við önnur félög, sem vinna að heilbrigðis- og líknarmálum, einkum þau, er vinna að endurþjálfun og velferð öryrkja.
- d) Með því að reisa og reka, ef aðstæður leyfa, stofnanir, svo sem endurþjálfunarheimili eða leiðbeiningarstöðvar fyrir þá, sem líða af geðsjúkdómum eða hugsýki.
- e) Með því að fylgjast með ráðstöfunum, sem gerðar eru til verndar börnum, og láta sig varða uppeldisleg vandamál, er áhrif geta haft á geðheilbrigði.
- f) Með því að láta til sín taka hverjar þær framkvæmdir aðrar, sem mega verða málefnum félagsins til framdráttar.

## 4. gr.

Félagar geta orðið einstaklingar og félög, hvaðan sem er af landinu, sem áhuga hafa á málefnum, er þýðingu hafa fyrir geðheilbrigði.

## 5. gr.

Stjórn félagsins skipa 7 menn, formaður, varaformaður, fundarritari, bréfritari, gjaldkeri og 2 meðstjórnendur. Formaður skal kjörinn sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Eftir eitt ár ganga 3 úr stjórn eftir hlutkesti, síðan eftir kosningaraldri. Varamenn stjórnar skulu vera 6 kjörnir árlega.

## 6. gr.

Starfsár félagsins er almanaksárið. Aðalfund skal halda í febrúar ár hvert. Skal hann boðaður með auglýsingu í dagblöðum borgarinnar eða bréflega með minnst viku fyrirvara.

Aðalfundur er lögmatgur, ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi eiga atkvæðisrétt allir skuldlausir einstakir félagar, en auk þess einn fulltrúi fyrir hverja 100 meðlimi (eða hluta úr hundraði) félags, sem er í Gæðverndarfélaginu, þó ekki fleiri en fimm frá einu og sama félagi.

Verkefni aðalfundar eru:

- a) Stjórnin gefur skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu ári.
- b) Gjaldkeri leggur fram til samþykktar endurskoðaða reikninga ársins.
- c) Lagabreytingar, ef nokkrar eru.
- d) Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda.
- e) Formaður gerir grein fyrir helztu verkefnum, sem framundan kunna að virðast.
- f) Árgjald og ævifélagagjald ákveðið til eins árs í senn.
- g) Önnur mál.

## 7. gr.

Skylt er félagsmönnum að taka sæti í stjórn, ef þeir eru til þess kjörnir og ekki til hindrunar ástæður, sem aðalfundur tekur gildar. Þó geta menn neitað endurkjöri, þegar þeir hafa átt sæti í stjórn í 2 kjörtímabil samfleytt, eða 10 ár samanlagt.

## 8. gr.

Félagsfund skal halda, þegar stjórnin ákveður eða minnst 20 félagsmenn krefjast þess og tilgreina fundarefni. Stjórnarfund skal halda, þegar formaður ákveður eða meiri hluti stjórnarmanna æskir þess. Stjórnin getur falið einstökum

félagsmönnum að innna af hendi störf í þágu félagsins og einnig skipað sérstakar nefndir í sama tilgangi.

## 9. gr.

Lögum þessum má breyta á aðalfundi, og þarf minnst  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða til breytinga.

## 10. gr.

Komi til félagsslita, skulu ráðuneytisstjóri Félagsmálaráðuneytisins, prófessorinn í geðlæknisfræði við Háskóla Íslands og landlæknir ráðstafa eignum félagsins til styrktar málefnum, sem næst því eru að vera í samræmi við tilgang félagsins.

## Tilkynning um minningarspjöld

Stjórn geðverndarfélagsins vill minna félagsmenn á, að félagið hefur látið prenta minningarspjöld og hægt er að styrkja félagið með að gefa því minningargjafir.

Spjöldin fást í Markaðinum í Hafnarstræti 11, Laugavegi 89 og í verzlun Magnúsar Benjamínssonar, Veltusundi 3.

Félagsmenn eru beðnir að hafa þetta í huga, þegar þeir senda vinum eða ættingjum slík spjöld. Einnig biðjum við félagsmenn að vekja athygli kunningja sinna á minningarspjöldum félagsins.

*Stjórn G. Í.*

### Stjórn Geðverndarfélags Íslands:

Kristinn Björnsson sálfræðingur, formaður,  
Benedikt Tómasson skólayfirlæknir, varaformaður,  
Grimur Magnússon læknir, fundarritari,  
Tómas Helgason prófessor, bréfritari,  
Áslaug Sívertsen frú, gjaldkeri,  
Jóhanna Baldvinsdóttir frú, meðstjórnandi,  
Sigurjón Björnsson sálfræðingur, meðstjórnandi.

Auglýsingastjóri ritsins er Jón Gunnarsson skrifstofustjóri, sími 22123, og ber að snúa sér til hans með auglýsingar.

### E F N I

	Bls.
Benedikt Tómasson: Að upphafi .....	3
Benedikt Tómasson: Í minningu Helga Tómassonar yfirlæknis .	4
Dr. Helgi Tómasson: Geðvernd .....	7
Tómas Helgason: Geðverndarfélagið og sjúkrahúsmálin .....	14
Kristinn Björnsson: Geðverndarfélagið og störf þess .....	19
Lög Geðverndarfélags Íslands .....	23
Tilkynning um minningarspjöld .....	26





# LANDSSMIÐJAN

Sölvhólgötu, Reykjavík. Sími 20680, 10 línur.

## FRAMLEIÐIR:

Blavogir  
Kolavogir  
Peningaskápskurðir  
Smíðjur  
Miðstöðvarkatla  
Súgurrkunartæki  
Blásara

## SMÍÐAR OG SETUR UPP:

Fiskimjölsverksmíðjur  
Fiskurrkunartæki  
Nótavindur  
Nótapurrkur  
Hitablásara  
Gufukatla

## LEITIÐ TILBOÐA

Vélsmíði	Járnsteypa
Rennismíði	Málmsteypa
Plötusmíði	Trésmíði
Ketilsmíði	Skipasmíði
Eldsmíði	

VERZLUN: Allskonar efni

# LANDSSMIÐJAN

SÍMI 20680 (10 línur)

## Slippfélagið í Reykjavík hf.

Símar: 10123 (6 línur). Símnafni: Slippen.

Elzta og stærsta skipaviðgerðarstöð á Íslandi.  
Tökum á land skip allt að 2500 rúmlesta þung.

### SKIPAVIÐGERÐIR BÁTAVIÐGERÐIR

Birgðir fyrirleggjandi af timbri allskonar:

eik, teak, brenni, lerk og oregonpine.

**Skipamálning, saumur og boltar.**



*Úr og klukkur í miklu úrvali*

*Gjafavörur úr GULLI, SILFRI og PLETTI*

**Magnús Benjamínsson & Co.**

Veltusund 3, Reykjavík.

**DIESELVÉLAR**

3 TIL 2000 HÖ



Tæp hundrað ára  
reynsla í smíði  
mótórvéla tryggir  
gæði DEUTZ diesel-  
véla.

**Umboðsmenn: H.F. HAMAR, Reykjavík**

**Bifreiðaeigendur!**

Æfðir og gætnir

ökumenn tryggja hjá

**HAGTRYGGING HF.**

Iðgjöld flokkuð

eftir ökuhæfni.



Einnig bjóðum við yður

eftirtaldar tryggingar:

HEIMILISTRYGGINGAR

INNBÚSTRYGGINGAR

GLERTRYGGINGAR

**HAGTRYGGING HF.**

Bolholti 4 – Reykjavík

Símar: 38580 og 38581.



mi

trygging  
veitfir  
vörn

Aðalstræti 6

P.O. Box 1412

REYKJAVÍK.

TRYGGINGA



MÍÐSTÖÐIN

Tryggingamiðstöðin hf.